



Umhverfis og skipulagsráð

Reykjavík 4. okt. 2022
MSS22070057

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um minni grasslátt á umferðareyjum – umsögn USK.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. september 2022 var óskað eftir umsögn um svohljóðandi tillögu áheyrnafulltrúa Flokks fólksins:

„Lagt er til að Reykjavíkurborg hætti að slá gras á mönum og umferðareyjum. Að slá þessi svæði er óþarfi eins og margir hafa bent á. Þarna er færi á að spara án þess að spilla umhverfinu að nokkru ráði. Villigarðar eða órákt er nú viðurkennd sem hluti af sjálfbærni. Þessi svæði eiga að fá frið til að þróast samkvæmt náttúrulegum ferlum.“

Umræða um að minnka slátt í borginni hefur verið uppi að minnsta kosti frá 2011. Þá var dregið úr slætti í sparnaðarskyni en ákveðið að skoða hvernig minnka mætti tún þannig að í stað mikilla grasflæma kæmu svæði með sjálfbærum plöntum með það að markmiði m.a. að fegra umhverfið og auk þess að minnka kostnað vegna grassláttar.

Umræðan hélt áfram 2012 og borgin fékk þá á sig mikla gagnrýni fyrir að halda ekki borginni snyrtilegri.

Í janúar 2016 var í umhverfis- og skipulagsráði samþykkt tillaga um að breyta um 14 ha af slegnum svæðum í náttúruleg svæði sem er samt ekki stór hluti af sláttusvæðum borgarinnar. Svæðin sem voru valin voru mest jaðarsvæði oft aðliggjandi náttúrusvæðum, svæði með stakstæðum trjám eða lundum og svæði þar sem er lítill grasvöxtur.

Samhliða hefur líka verið reynt að forðast að við frágang á nýjum grænum svæðum að þar bætist við ný sláttusvæði þar sem ekki er sérstök ástæða til.

Græna netið er úrvinnsla á stefnu aðalskipulags um samfelldan grænan vef í borgarlandinu. Starfshópur skilaði skýrslu 29. júní 2016. Þar er fjallað um að styrkja og auka grænar tengingar milli grænna svæða. Umbreyting sleginna svæða í náttúrulegri svæði styður mjög vel við aðgerðir vegna græna netsins. Unnið hefur verið eftir aðgerðaáætlun til að styrkja Græna netið.

Slegin svæði í Reykjavík eru um 477 ha.

Þetta eru svæði af margs konar toga og slegin misjafnlega oft. Mörg svæði eru slegin vegna þess að þau hafa ákveðin not eða sérstakt hlutverk. Stór svæði, til dæmis meðfram umferðargötum, eru fyrst og fremst slegin „því það er snyrtilegt“.

Hefðbundinn frágangur svæða hefur iðulega verið „að koma svæðum í rækt“, talað er um ófrágengin svæði og „órákt“. Óslegin svæði eru talin ósnyrtileg, jafnvel sóðaleg. Oft hefur náttúrulegum svæðum verið raskað að óþörfu til dæmis þegar uppgreftri er jafnað yfir svæði eða borgarland notað sem vinnusvæði. Í kjölfarið er „gengið frá“ svæðunum og þeim yfirleitt breytt í slegin grassvæði.



Í sumum nýrri hverfum hefur þess verið gætt að vernda náttúruleg svæði á byggingartíma hverfisins. Þetta var gert vegna þess að metið var að svæðin hefðu gildi fyrir hverfið en líka til að spara óþarfa frágang á röskuðum svæðum. Til framtíðar sparast svo auðvitað rekstur svæðanna sem venjulega væri sláttur.

Stór slegin grassvæði eru með fábreytt lífríki sem mætti breyta í náttúrulegri svæði og auka þannig líffræðilega fjölbreytni, gera svæðin sjálfbærari og skapa búsvæði fyrir fugla og aðrar lífverur.

Umbreyting sleginna svæða þarf yfirleitt fylgja eftir með aðgerðum eins og gróðursetningu trjágróðurs eða blómgróðurs.

Áhugi á náttúru í borginni er orðinn meiri og skilningur á því að breyta slegnum svæðum í náttúruleg svæði hefur aukist.

Borgin hefur samþykkt stefnu um líffræðilega fjölbreytni þar sem m.a. stefnt að eflingu og aukningu búsvæða.

Jarðvegur er því mun betri fyrir því að taka fleiri skref í þessa átt en var áður.

Niðurstaða.

Tillaga Flokks fólksins er því góð stuðningur við áframhaldandi vinnu í þessa átt.

Lagt er til að tillögunni verði vísað áfram inn í vinnu við frekari áform um að breyta slegnum svæðum.

Virðingarfyllst,

Þórólfur Jónsson deildarstjóri náttúru og garða